# BREYTING Á DEILISKIPULAGI EYRARLANDS VEGNA ÁLFALANDS 6




HLUTI AF DEILISKIPULAGI, samþykkt í Borgarráði 30.12.1980:
*SKIPULAG VIÐ EYRARLAND*
mkv. 1:1000




HLUTI AF DEILISKIPULAGSBREYTINGU, samþykkt í borgarráði 12.5.1984: *ÍBÚÐABYGGÐ VIÐ EYRARLAND OG FOSSVOGSVEG*
mkv. 1:1000




DEILISKIPULAGSBREYTING
mkv. 1:1000




HLUTI *AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR*
2010-2030 -STAÐSETNING REITS



*SKIPULAG VIÐ EYRARLAND* 1980

## GREINARGERÐ

Upphaflegt deiliskipulag fyrir svæðið er *„Skipulag við Eyrarland“*, samþykkt í borgarráði 30.12.1980. Þær breytingar á deiliskipulagi sem gerðar hafa verið innan svæðisins byggja á þeim grunni. Þar er reiturinn sem lóðin er hluti af skilgreindur sem B1. Þann 30.6.1981 voru samþykktir í borgarráði breyttir skilmálar fyrir þann reit.

Þann 12.5.1984 var samþykkt í borgarráði breyting á deiliskipulagi fyrir svæðið, *“Íbúðabyggð við Eyrarland og Fossvogsveg”*, sem var endurskoðun á skipulaginu frá 1980 og hefur lóðin/reiturinn byggst upp í samræmi við hana. Þar er reiturinn sem lóðin er hluti af skilgreindur sem B3. Upphafleg mæliblöð frá 1982 og samþykktir aðaluppdrættir byggja á endurskoðuninni frá 1984. Áætlun þessi hlaut ekki lögformlega löggildingu á sínum tíma og telst því ekki í gildi skv. 5. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010.

Á milli þessara tveggja áætlana breyttist fyrirkomulag byggðarinnar nokkuð mikið m.a. lóða- og húsafyrirkomulag og aðkomur.

Á lóðinni er þegar byggt einnar hæðar hús, nú sambýli, 174 m$^2$ að stærð og geymsluskúr 15 m$^2$ að stærð.

**Samþykktir byggingarfulltrúa fyrir Álfaland 6 fram til ársins 2000 fyrir lóðina eru:**

-15.4.1982 var samþykkt byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi á einni hæð, 168,9 m$^2$ að stærð.
-26.11.1987 var samþykkt að girða lóðina.
-31.8.1989 var samþykkt byggingarleyfi fyrir geymsluskúr, 9 m$^2$ að stærð.
-8.11.1990 var samþykkt að byggja leikfangageymslu, 14,6 m$^2$ að stærð.
-8.5. 1991 var samþykkt að innrétta vistheimili fyrir börn í húsinu.

Breytingin nú varðar lóðina Álfaland 6 og felst í því að stækka byggingarreit hússins til suðvesturs og gera byggingarreit fyrir 15 m$^2$ geymsluhús á lóðinni. Byggingarmagn á lóðinni eykst um allt að 25 m$^2$.

**Uppfærðir skilmálar fyrir lóðina Álfaland 6 eru:**

-Aðkoma að lóðinni er frá Álfalandi.
-Á lóðinni má innan stækkaðs byggingarreits byggja hús á einni hæð.
-Nýting á húsinu getur verið fyrir einbýlishús eða sambýli.
-Húsið má vera á einni hæð og byggingarmagn þess má vera allt að 200 m$^2$.
-Gerður er ný byggingarreitur á lóðinni fyrir einnar hæðar geymsluhús allt að 15 m$^2$ að stærð.

## HELSTU STÆRÐIR

| Núverandi ástand | Eftir breytingar |
|---|---|
| Lóðarstærð: 566 m² (skv. gildandi mæliblaði) | Lóðarstærð: 566 m² |
| Byggingar (brúttó): | Byggingar (brúttó): |
| -174 m² (sambýli) og | -200 m² (sambýli) og |
| -15 m² (vörugeymsla) | -15 m² (vörugeymsla -færist til á lóð) |



VIÐBYGGING




GILDANDI MÆLIBLAÐ FRÁ 1996
mkv. 1:1000




SKÝRINGARUPPDRÁTTUR -fjarlægðir á milli húsa
mkv. 1:200

LÓÐAMÖRK
NÚVERANDI BYGGINGAR
BYGGINGARREITUR VIÐBYGGINGAR
NÝR BYGGINGARREITUR VÖRUGEYMSLU
⑥ HÚSNÚMER

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt á
embafgr. skipulagsfulltrúa
þann 15. apríl 2015 og í

þann ______ 20__.

Tillagan var grenndarkynnt frá 29. jan. 2015 með athugasemdafresti til 26. feb. 2015.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 19. maí 2015.

Björn Axelsson

BREYTING Á DEILISKIPULAGI
EYRARLANDS VEGNA ÁLFALANDS 6

| Verk | Teikn.nr. |
|---|---|
| ÁLFALAND 6 | |
| Staðgreinir 1.847.107 | |
| Sambýli Álfalandi | Mkv. 1:1000, 1:2000, 1:200 |
| Deiliskipulagsbreyting | |
| Teiknað/hannað af EHF | Dags. 6.1.15 |
| | A2 |


Rúnar Gunnarsson arkitekt faí 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt faí 220849-3769
Eva Huld Friðriksdóttir arkitekt faí 300176-4619
**Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000